

Hestamannafélagið Jökull

Ársreikningur

2025

Hestamannafélagið Jökull
Lambatanga 1
846 Flúðir
Kt. 650122-3130

Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings

Til stjórnar og félagsmanna í Hestmannafélaginu Jökull.

Við höfum veitt faglega aðstoð við gerð ársreiknings ársins 2025 fyrir Hestmannafélagið Jökul, byggt á þeim upplýsingum sem stjórnarmenn félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal, ISRS 4410, sem fjallar um faglega aðstoð við gerð ársreiknings.

Við höfum notað faglega þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar að því markmiði að aðstoða við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum fylgt fyrirmælum síðaregna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni og faglega hæfni og varkárni.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Ársreikningur og þær upplýsingar sem koma fram í honum eru á ábyrgð stjórnar. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum.

Þar sem fagleg aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist af okkur að staðfesta nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnarmenn hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 23. febrúar 2026.

Steinagerði ehf.

Guðmundur Hjaltason,
endurskoðandi.

Skýrsla og áritun stjórnar og skoðunarmanna

Ársreikningur Hestamannafélagsins Jökuls fyrir árið 2025 er fjórði ársreikningur félagsins. Félagið var stofnað þann 1. júlí 2021 með sameiningu þriggja hestamannafélaga; Hestamannafélagið Smári, Hestamannafélagið Trausti og Hestamannafélagið Logi. Fyrsti aðalfundur var haldinn að 3. mars 2022 og var hann fjölsóttur. Félagið tók við starfsemi af félögunum frá 1. janúar 2022.

Á stofnfundinum voru samþykkt lög Hestamannafélagsins Jökuls. Í lögum félagsins kemur fram að markmið félagsins er að efla áhuga manna á hestum, stuðla að góðri meðferð þeirra, góðri tæmningu, vinna að framgangi hestaþróttarinnar og gæta hagsmuna félagsmanna. Þetta er gert með víðtækum verkefnum sem koma fram í löggunum.

Stjórn félagsins skipa sjö menn og hefur hún unnið að málefnum félagsins á árinu. Helst var lögð áhersla á að efla starfsemi félagsins á víðtæki sviði m.a. með fullorðinsfræðslu, barna- og unglingastarfi, gæðingamóti, reiðstígagerð að ógleymdu landsmóti.

Hagnaður félagsins á árinu 2025 nam kr. 2.412.454 og nam eigið fé í árslok kr. 48.803.716.

Það er álit stjórnar Hestamannafélagsins Jökuls að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok og rekstrarárangri ársins.

Stjórn Hestamannafélagsins Jökuls staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2025 með undirritun sinni.

Flúðum, 23. febrúar 2025.

Í stjórn

Við undirritaðir skoðunarmenn ársreiknings Hestamannafélagsins Jökuls höfum yfirfarið reikninginn og teljum hann réttan. Við leggjum til að aðalfundur félagsins samþykki hann.

Flúðum, 23. febrúar 2025.

Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýr.	<u>2025</u>	<u>2024</u>
Rekstrartekjur			
Félagsgjöld		3.979.500	3.686.000
Tekjur af barnnámskeiðum		2.642.487	2.929.532
Tekjur af öðrum námskeiðum		612.351	647.187
Mótatekjur		5.147.701	3.734.900
Styrkir til reiðvegagerðar		11.974.998	9.191.229
Aðrar tekjur	3	5.822.536	6.352.093
		<u>30.179.573</u>	<u>26.540.941</u>
Rekstrargjöld			
Kostnaður af barnnámskeiðum		3.349.473	3.718.941
Kostnaður við önnur námskeið		801.770	795.660
Mótakostnaður		3.584.283	3.504.527
Kostnaður við reiðvegagerð		11.975.182	9.191.474
Leiga á reiðhöll		862.200	1.711.696
Annar rekstrarkostnaður	3	7.609.935	7.355.547
Afskriftir fastafjármuna		0	143.354
		<u>28.182.843</u>	<u>26.421.199</u>
Rekstrarhagnaður		1.996.730	119.742
Fjármunatekjur		668.897	516.705
Fjármagnsgjöld		(253.173)	(70.159)
		<u>415.724</u>	<u>446.546</u>
Afkoma ársins		<u>2.412.454</u>	<u>566.288</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eignir	Skýr.	31. 12. 2025	31. 12. 2024
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	4	7.350.000	7.350.000
Hlutabréf	5	26.628.200	26.628.200
		<u>33.978.200</u>	<u>33.978.200</u>
Veltufjármunir			
Lán til Reiðhallarinnar Flúðum ehf.	6	1.674.000	1.674.000
Handbært fé		13.787.185	10.739.062
		<u>15.461.185</u>	<u>12.413.062</u>
Eignir		<u>49.439.385</u>	<u>46.391.262</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	7	48.803.716	46.391.262
Eigið fé		<u>48.803.716</u>	<u>46.391.262</u>
Skammtímaskuldir			
Ógreiddur kostnaður		635.669	0
		<u>635.669</u>	<u>0</u>
Skuldir		<u>635.669</u>	<u>0</u>
Eigið fé og skuldir		<u>49.439.385</u>	<u>46.391.262</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2025

	Skýr.	<u>2025</u>	<u>2024</u>
Rekstrarhreyfingar			
Afkoma samkvæmt rekstrareikningi		2.412.454	566.288
Afskriftir	4	0	143.354
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		<u>2.412.454</u>	<u>709.642</u>
Ógreiddur kostnaður í árslok		135.669	0
Handbært fé frá rekstri		<u>2.548.123</u>	<u>709.642</u>
Breyting á handbæru fé á árinu		2.548.123	709.642
Handbært fé í upphafi árs		10.739.062	10.029.420
Handbært fé í lok árs		<u><u>13.287.185</u></u>	<u><u>10.739.062</u></u>

Skýringar

1. Félagið

Hestamannafélagið Jökull er félag hestmanna um íslenska hestinn. Það var stofnað 1. júlí 2021.

Félagið er með aðsetur á Flúðum í Hrunamannahreppi.

2. Reikningskilaaðferðir

Grundvöllur reikningskilanna

Ársreikningur Hestamannafélagsins Jökuls fyrir árið 2025 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningskilum. Félagið var stofnað á árinu 2021 og er þetta því þriðji ársreikningur félagsins. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningskilaaðferðum félagsins.

Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið eða þær innheimtuhæfar. Að öllu jöfnu eru tekjur aðeins færðar þegar þær hafa verið greiddar til félagsins en óinnheimt félagsgjöld ekki færð til eignar. Sama á við um aðrar tekjur, þær eru að öllu jöfnu aðeins færðar við innheimtu.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Skattamál

Hestamannafélagið borgar ekki tekjuskatt og er ekki tekjuskattsskylt eins og sambærilega félagsamtök.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Fasteignir eru skráðar á fasteignamati árslok 2021 og ekki afskrifaðar. Aðrar eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og örðum beinum kostnaði.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af kostnaðarverði miðað við eignahaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söliverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Skýringar

3. Aðrar tekjur og gjöld

Aðrar tekjur sundurliðast þannig:	2025	2024
Styrkir frá sveitafélögum	4.100.000	4.000.000
Lottó	774.264	620.514
Árshátíð og skötuveisla	821.929	1.184.193
Fatnaður	126.343	547.386
	<u>5.822.536</u>	<u>6.352.093</u>

Annar rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:	2025	2024
Rekstur skrifstofu og fasteigna	779.769	653.210
Sérstök gjaldfærsla vegna viðhalds reiðhalla	500.000	0
Landssamband hestamanna	1.709.022	1.836.152
Framkvæmdastjóri	2.600.000	2.600.000
Fatnaður	135.669	623.169
Árshátíð og skötuveisla	1.331.579	1.353.253
Verðlaun	329.508	248.254
Hugbúnaður	41.900	41.509
Veittur styrkur	150.000	0
Geiðslumiðlun	7.688	0
Auglýsingar	24.800	0
	<u>7.609.935</u>	<u>7.355.547</u>

4. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Fasteignir	Áhöld og tæki	Samtals
Kostnaðarverð			
Kostnaðarverð við stofnun	7.350.000	1.433.541	8.783.541
Staða í árslok	7.350.000	1.433.541	8.783.541
Afskriftir			
Afskrifað í byrjun árs	0	1.433.541	1.433.541
Afskrift ársins	0	0	0
Staða í árslok	0	1.433.541	1.433.541
Bókfært verð			
Bókfært verð í byrjun árs	7.350.000	143.354	7.350.000
Bókfært verð í árslok	7.350.000	0	7.350.000
Afskriftarhlutföll	0%	20%	
Vátryggingamat fasteigna félagsins í árslok greinist þannig:		Fasteignamat	Vátryggingamat
Drumboddsstaðir, F2205371, félagsheimili		11.200.000	18.750.000
Drumboddsstaðir, F2232078, hesthús		23.660.000	18.150.000

Skýringar

5. Hlutabréfaeign

Eignarhlutar í dótturfélögum:	Hlutdeild	Nafnverð	Megin starfsemi	
Rangárbakkar ehf.,	14,25%	7.259.330	Þjóðarleikvangur Ísl. hestsins	
Reiðhöllin Flúðum ehf.....	60,04%	23.000.000	Reiðhöll	
			2025	2024
Staða í ársbyrjun og við stofnun			26.628.200	26.628.200
Staða í árslok			26.628.200	26.628.200

6. Lán til Reiðhallarinnar Flúðum ehf.

Þau hestamannafélög sem með sameiningu mynduðu Hestamannafélagið Jökull ehf. voru stærstu eigendur að Reiðhöllinni að Flúðum ehf. Hestamannafélagið Jökull ehf. lánaði Reiðhöllinni Flúðum ehf. kr. 1.674.000 á árinu 2022 og var gert ráð fyrir að félagið greiði fjárhæðina til baka á árinu 2024. Ekki var greitt af láninu þá né búinn til lánasamningur um lánið. Ekki eru reiknaðir vextir af láninu.

7. Eigið fé

	Óráðstafað eigið fé
Eigið fé 31.12.2022	45.824.974
Afkoma ársins	566.288
Eigið fé 31.12.2023	46.391.262
Afkoma ársins	2.412.454
Eigið fé 31.12.2024	48.803.716

8. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 23. febrúar 2026.